Valreglur á stórmót - Skíðaganga 2026-2027

HM - Falun, Svíþjóð, 24. febrúar - 8. mars 2027

Val, FIS-punktaviðmið og aldur

- Við val verður horft til 5. FIS-lista, sem kemur út 27.01.2027 og tekur mið af mótum til og með 24.01.2027.
- FIS-punktaviðmið: 150 FIS-punktar eða lægri.
- Aldur: FIS-aldur.
- Við val verður sérstaklega horft til árangurs á Scandinavian Cup í Þrándheimi 18.–20.12.2026 og í Falun 08.–10.01.2027.

Þátttaka, frammistaða og gögn

- Gerð er krafa um þátttöku á FIS-mótum erlendis, að lágmarki tvær mótahelgar.
- Við val verður einnig horft til þátttöku í verkefnum SKÍ á undirbúningstímabilinu, árangurs á mótum og frammistöðu keppenda yfir tímabilið.
- Keppendur sem koma til greina við val skulu skila inn æfingadagbók.

Skyldur og endanlegt val

- Keppendur sem taka þátt í stórmótum á vegum SKÍ í skíðagöngu skulu taka þátt í Skíðamóti Íslands.
- Endanlegt val byggir á heildarmati framangreindra þátta.
- SGN og landsliðsþjálfari áskilja sér rétt til að gera breytingar á endanlegu vali ef sérstakar aðstæður gefa tilefni til þess.

HM unglinga og U23 - Otepaa, Eistlandi, 19.-24. janúar 2026

Val, FIS-punktaviðmið, aldur og fjöldi

- Við val verður horft til 4. FIS-lista, sem kemur út 23.12.2026 og tekur mið af mótum til og með 20.12.2026.
- FIS-punktaviðmið: HM unglinga: karlar 230, konur 280; U23: karlar 175, konur 225 FIS-punktar eða lægri.
- Aldur: HM unglinga: 18–20 ára (f. 2007–2009). U23: 21–23 ára (f. 2004–2006).
- Fjöldi: Að hámarki fjórir keppendur.

Þátttaka, frammistaða og gögn

- Gerð er krafa um þátttöku á FIS-mótum erlendis.
- Við val verður einnig horft til þátttöku í verkefnum SKÍ á undirbúningstímabilinu, árangurs á mótum og frammistöðu keppenda yfir tímabilið.
- Keppendur sem koma til greina við val skulu skila inn æfingadagbók.

Skyldur og endanlegt val

- Keppendur sem taka þátt í stórmótum á vegum SKÍ í skíðagöngu skulu taka þátt í Skíðamóti Íslands.
- Endanlegt val byggir á heildarmati framangreindra þátta.
- SGN og landsliðsþjálfari áskilja sér rétt til að gera breytingar á endanlegu vali ef sérstakar aðstæður gefa tilefni til þess.

EYOF - Brasov, Rúmeníu, 14.-21. febrúar 2027

Val, FIS-punktaviðmið, aldur og fjöldi

- Aldur: 17–18 ára (f. 2009–2010).
- Fjöldi: Að hámarki fjórir keppendur af hvoru kyni (DI eða SP).
- FIS-punktaviðmið: Keppendur skulu vera með FIS-punkta í að minnsta kosti annarri greininni.

Frammistaða og gögn

- Við val verður horft til árangurs á bikarmóti SKÍ á Akureyri, árangurs á síðasta keppnistímabili, þátttöku í verkefnum SKÍ og jákvæðrar framkomu og góðs liðsanda.
- Keppendur sem koma til greina við val skulu skila inn æfingadagbók.
- Keppendur skulu hafa tekið þátt í að minnsta kosti tveimur alþjóðlegum göngum erlendis.

Endanlegt val

- Endanlegt val byggir á heildarmati framangreindra þátta.
- SGN og þjálfari hæfileikamótunar áskilja sér rétt til að gera breytingar á endanlegu vali ef sérstakar aðstæður gefa tilefni til þess.